

Nd.

## 201. Nefndarálit

[55. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87/1971, um orlof.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Stjórnarfrumvarp þetta er flutt í framhaldi af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 21. ágúst s. l. um aðgerðir í efnahagsmálum. Yfirlýsingin fylgdi bráðbirgðalögum ríkisstjórnarinnar og segir í henni að aðgerðir stjórnarinnar markist af eftirtöldum fjórum meginmarkmiðum:

„Í fyrsta lagi að draga verulega úr viðskiptahalla, þannig að á næstu tveimur árum megi í áföngum ná hallalausum viðskiptum við önnur lönd.

Í öðru lagi að treysta undirstöður atvinnulífsins með aðgerðum til að auka framleiðni og framleiðslugetu þjóðarbúsins og tryggja þannig öllum landsmönnum næga atvinnu.

Í þriðja lagi að verja lægstu laun, eins og unnt er, fyrir þeim samdrætti sem orðið hefur í þjóðartekjum.

Í fjórða lagi að veita viðnám gegn verðbólgu.“

Í inngangi yfirlýsingarinnar segir m. a. að skerðing þjóðartekna á næsta ári verði 5—6%. Ríkisstjórnin taldi að við þessar aðstæður væri helmingsskerðing verðbóta á laun nauðsynleg forsenda þess, að meginmarkmiðum efnahagsstefnunnar yrði náð. Verðbóta-skerðing þessi hefur nú komið til framkvæmda með sérstökum 7.71% frádrætti við útreikning kaupgjaldsvísitölu 1. desember s. l.

Í ljósi þessarar forsögu ber að skoða frumvarp ríkisstjórnarinnar um lengingu orlofs sem og frumvarp til laga um að gera frídag verslunarmanna að almennum og lögboðnum frídegi.

Samtök vinnumarkaðarins hafa ætíð mótmælt einhliða íhlutun stjórnvalda í frjálsan samningsrétt aðila vinnumarkaðarins. Þannig hefur Alþýðusambandið mótmælt ákvæðum bráðabirgðalaganna um skerðingu verðbóta, og samtök atvinnurekenda hafa harðlega gagnrýnt áform stjórnvalda um almenna lengingu orlofs. Verður að telja að stjórnvöld hafi með aðgerðum sínum í þessu efni enn á ný farið út á mjög varhugaverða braut. Með annarri hendi skerða þau það kaupgjald, er aðilar hafa samið um, en með hinni breyta þau ákvæðum um orlof, sem talið hefur verið til mikilvægari samningsatriða í kjarasamningum á vinnumarkaði. Í því sambandi má geta þess, að lög nr. 87/1971 voru samin í fullu samráði við aðila vinnumarkaðarins. Þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar jafngilda því í raun, að hún hafi tekið sér alræðisvald í kjaramálum og þannig kippt stöðum undan samningsfrelsi atvinnurekenda og launþega. Þessi afstaða ríkisstjórnarinnar er því til þess fallin að leysa aðila vinnumarkaðarins undan ábyrgð á gerð og efndum kjarasamninga. Sjálfstæðismenn eru í grundvallaratriðum andvígir þessum vinnubrögðum og telja að ábyrgð aðila vinnumarkaðarins á efni gerðra kjarasamninga sé ein af veigameiri forsendum þess, að árangurs sé að vænta í baráttunni við verðbólguna. Afskipti ríkisstjórnarinnar hljóta því að auka enn á þá efnahagslegu upplausn, er einkennt hefur starfstíma þessarar ríkisstjórnar.

Fjármálaráðherra samdi við BSRB um lengingu orlofs **eftir að** efnahagsaðgerðirnar voru ákveðnar í ágúst. Sá samningur hefur síðan verið notaður til þess að knýja fram samþykkt á frumvarpinu. Með þeim samningi hefur ríkisvaldið tekið á sig ábyrgð í þessum efnum og í raun sett löggjafarvaldinu óeðlilegar skordur.

Nefndin leitaði eftir álitum aðila vinnumarkaðarins á efni frumvarpsins. Í umsögnum ASÍ, fylgiskjali I og II, kemur fram að sambandið mælir með samþykkt frumvarpsins, en jafnframt er lýst áhyggjum af misræmi milli þeirra, er njóta orlofslauna, og hinna, er njóta

orlofsfjár, er leiða mun af samþykkt frumvarpsins nú á næsta orlofstökutímabili. Munu þeir fyrrnefndu njóta nálega fjórfalds réttar á við hina, þar sem svo mjög er liðið á orlofsárið.

Í umsögn VSÍ um frumvarpið, fylgiskjölum III og IV, kemur fram að sambandið telur að fjölgun frídaga muni leiða til ríflega 2% samdráttar heildarvinnutíma, og telur sambandið það leiða til nokkru minni samdráttar þjódartekna. Á fundi nefndarinnar með forsvarsönnunum VSÍ kom fram, að þeir telja að orlofslengingin ein sér muni leiða til ríflega 6% meiri verðbólgu frá upphafi til loka næsta árs en ella mundi verða. Umsögn VSÍ hefur verið borin undir Þjóðhagsstofnun, og hefur hún staðfest að orlofslengingin muni leiða til kostnaðarauka atvinnurekstrarins og þar með til aukinnar verðbólgu. Í umsögninni kemur ekki fram töluleg vefenging á fullyrðingum VSÍ í þessu efni.

Það er því kostulegur hráskinnaleikur að skera niður launakostnað fyrirtækja með annarri hendi, en auka hann með hinni, og það þannig að draga mun úr framleiðslu. Verður ekki séð að kostnaður atvinnulífsins af völdum orlofslengingar sé annars eðlis en sá launakostnaður er ríkisstjórnin taldi atvinnureksturinn ekki færan um að bera. Niðurstaðan er þó ljóslega sú, að kaupmáttur launþega eykst ekki af völdum orlofslengingarinnar, — þeir fá ekki herra kaup á áformuðum frídögum.

Undirrituðum virðist því einsýnt að frumvörp ríkisstjórnarinnar um orlofsmál og frídaga séu í beinni andstöðu við þau sjónarmið er ríkisstjórnin taldi réttlæta skerðingu verðbóta á laun. Þessi frumvörp eru því enn eitt dæmið um hringlandahátt og hrossakaup við framgang svonefndrar stjórnarstefnu.

Sé lítið til einstakra ákvæða frumvarpsins, þá vekur það fyrst athygli, að ríkisstjórnin hefur valið orlofslengingunni það form, að frumvarpið mun færa þeim mest er mest hafa fyrir. Það að fella niður laugardaga við talningu orlofsdaga leiðir til þess, að þeir starfshópar, er einungis njóta lágmarksorlofs, fjögurra vikna, munu fá 4 daga til viðbótar, en hinir, sem meiri rétti hafa náð fram, t. d. 7 vikum, munu fá 7 daga. Breytingartillaga meiri hl. nefndarinnar setur raunar hámark við þessu misrétti, þannig að engir fái meira en 5 daga að auki.

Við þær aðstæður, sem nú ríkja í þjóðfélaginu, hefði án efa verið skynsamlegra að fresta orlofsbreytingunni, en draga úr verðbótaskerðingunni á móti, eins og margoft hefur verið bent á.

Þrátt fyrir þá staðreynd, að ríkisstjórnin hafði misst starfhæfan meiri hluta á Alþingi þegar hún efndi til efnahagsaðgerðanna í ágúst, tók hún afstöðu til þessa máls, án nokkurs samráðs við stjórnarandstöðuna.

Undirritaðir lýsa því fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni í þessu máli, bæði hvað varðar efni og málsmeðferð. Afgreiðsla þess hefur tafist vegna ágreinings innan ríkisstjórnarinnar um fylgifrumvörp með bráðabirgðalögunum — einkum svokallað viðmiðunarfrumvarp, sem enn hefur ekki fengið afgreiðslu í ríkisstjórn.

Minni hluti nefndarinnar áskilur sér að sjálfsögðu rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Nánar verður gerð grein fyrir afstöðu minni hluta félagsmálanefndar í framsöguræðu.

Alþingi, 16. des. 1982.

Friðrik Sophusson,  
frsm.

Eggert Haukdal.

Steinþór Gestsson.

## Fylgiskjal I.

ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 19. 11. 1982.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frá félagsmálanefnd Nd. Alþingis tvö frumvörp, þ. e. frv. um að fyrsti mánudagur í ágúst verði almennur frídagur og frumvarp um að laugardagar verði ekki taldir með í orlofi.

Miðstjórn fjallaði um þessi frumvörp á fundi sínum 17. nóv. s. l. og var þar einróma samþykkt að mæla eindregið með frumvörpunum og að leggja áherslu á skjóta afgreiðslu þeirra.

Virðingarfyllst,  
f. h. Alþýðusambands Íslands,  
Kristín Mäntylä.

## Fylgiskjal II.

ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 13. desember 1982.

Með bréfi dags. 9. desember 1982 óskar Jóhanna Sigurðardóttir, formaður félagsmálanefndar neðri deildar, umsagnar Alþýðusambands Íslands um breytingartillögu við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 87/1971, um orlof.

Annars vegar er í breytingartillögunni gert ráð fyrir því að afmarka fjölda laugardaga, sem ekki teljist til orlofs, við 5 laugardaga. Hins vegar er skilgreind heimild til skiptingar orlofs með kjarasamningi og lögfest að sá hluti orlofs, sem tekinn er utan orlofstímabils, lengist um ¼ ef orlofsþegi nýtur ekki lengra orlofs en löggin kveða á um.

Með kjarasamningum í ágúst s. l. tryggði ríkisvaldið opinberum starfsmönnum lengingu orlofs á næsta ári og hækkun orlofsfjár frá 1. desember 1982. Hliðstæðir samningar hafa síðar verið gerðir á vettvangi sveitarfélaga. Fram komnu stjórnarfrumvarpi um breytingu á lögum um orlof er ætlað að tryggja almennu launafólki hliðstæðan lágmarksrétt. Alþýðusambandið bendir á að þessi lagabreyting mun á næsta ári leiða til aukins misræmis á milli fastráðinna starfsmanna, sem njóta launa eins og þau verða þegar orlof er tekið, og hinna, sem fá greitt orlofsfé í prósentum af kaupmiðinu orlofsárs. Fastráðnir starfsmenn munu þegar á næsta ári njóta að fullu lengingar á orlofi, hvað snertir föst laun. Þeir, sem lausráðnir eru, njóta lengingarinnar aðeins að hluta eða frá þeim tíma er löggin leiða til hækkunar orlofsfjár. En lausráðnir starfsmenn eru mun fleiri á samningssviði ASÍ.

Alþýðusambandið lýsir áhyggjum sínum vegna þeirra tafa sem orðið hafa á afgreiðslu frumvarpsins. Í kjölfar samninganna við opinbera starfsmenn hvílir sú siðferðilega skylda á Alþingi að sjá til þess, að almennt verkafólk fái notið þeirra auknu réttinda sem þar eru tryggð, þannig að ekki verði aukið á þann mismun sem er á lengd orlofs hjá opinberum starfsmönnum og almennu launafólki. Það er því skýlaus krafa Alþýðusambands Íslands, að afgreiðslu frumvarpsins verði hraðað svo sem mest má verða.

Eftir atvikum getur Alþýðusambandið fallist á þær breytingartillögur, sem það hefur hér fengið til umsagnar, í trausti þess, að frumvarpið verði þannig afgreitt án frekari tafa.

F. h. Alþýðusambands Íslands,  
**Ásmundur Stefánsson.**

### Fylgiskjal III.

#### VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS

Vinnuveitendasamband Íslands hefur borist bréf yðar, dags. 9. nóv. s.l., þar sem leitað er eftir afstöðu sambandsins til frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 87/1971, um orlof, og um breytingu á lögum nr. 88/1971, um 40 stunda vinnuviku, sbr. lög nr. 25/1971.

#### **Áformaðar breytingar.**

Í nefndum frumvörpum felast tillögur um neðantaldar breytingar á gildandi lögum, sem og ýmsum samningum á almennum vinnumarkaði:

1. Orlof lengist um 4—7 daga, mismunandi eftir starfsstéttum.
2. Allt orlofið, þ. e. 28 virka daga, skal veita í einu lagi á tímabilinu frá 2. maí til 15. september.
3. Orlofsfé verði að lágmarki 10.17% af launum.
4. Frídögum fjölgi um einn.

Vinnuveitendasamband Íslands lýsir sig andvígt efni nefndra frumvarpa.

#### **Samdráttur þjóðartekna um 1.5%.**

Minnir sambandið á, að á þessu ári hefur orðið verulegur samdráttur í þjóðarframleiðslu og horfur eru á enn frekari samdrætti á næsta ári. Við minnkandi þjóðarframleiðslu er engin ein aðgerð jafn-órökrétt og lenging launaðra fría. Hagdeild VSÍ hefur metið áhrif þessa á heildarvinnutíma landsmanna. Samkvæmt því leiða frumvörp þessi, ef samþykkt verða, til 2.18% samdráttar heildarvinnutíma. Er þá ekki gert ráð fyrir aukinni yfirvinnu frá því sem nú er. Samdráttur þessi mun að mati VSÍ leiða af sér nálega 1.5% minnkun þjóðartekna á mann, frá því sem ella mundi verða. Ákvörðun Alþingis um lengingu orlofs jafngildir því í raun 1.5% kjaraskerðingu umfram það, er aðrar aðstæður kunna að leiða af sér.

#### **Ákvörðun um skerðingu þjóðartekna.**

Af hálfu stjórnvalda hefur því verið haldið fram, að fjölgun greiddra frídaga jafngildi kauphækkun launþegum til handa.

#### **Lækkun launatekna.**

Þetta er að sjálfsögðu blekking. Kaupmáttur eykst ekki við það eitt að leggja niður vinnu. Hið sanna er, að heildartekjur launþega munu minnka um nálega 0.4% vegna niðurfalls vinnu, þ. e. dag- og yfirvinnu, á áformuðum frídögum. Þetta gerist nema því aðeins að yfirvinna aukist á öðrum tímum árs. Vísast um þetta til yfirlýsingar VSÍ frá 1. 11. s.l. fylgiskjal I.

#### **Rýrnun kaupmáttar um 1.5%.**

Samdráttur þjóðartekna, er leiðir af minnkun þjóðarframleiðslu, ásamt með lækkun launatekna um 0.4%, mun leiða til rýrnunar kaupmáttar um allt að 1.5%. Er þar byggt á athugunum hagdeildar VSÍ nú síðustu daga, og er við það miðað að framleiðslutap bætist ekki með aukinni yfirvinnu utan orlofstímans.

Í athugasemdum með frumvarpi til laga um orlofsaukningu segir að frumvarpið stefni að „samræmingu lágmarksorlofs hjá öllum launamönnum“.

### **Skopleg samræming.**

Er þar m. a. vísað til samninga við opinbera starfsmenn, er ríkisstjórnin stóð að á liðnu hausti. Samningar þessir voru gerðir í kjölfar efnahagsyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 21. ágúst s.l. Í henni var m. a. ákveðið að ríkisstjórnin mundi standa að áðurgreindri orlofslengingu. Fyrsti þáttur í efdum þess fyrirheits birtist í samningum við BSRB. Það er því skoplegt í meira lagi að vísa til þessara samninga um nauðsyn samræmingar.

### **Ójöfnuður ekki jöfnuður.**

Vinnuveitendasambandið fær á hinn bóginn ekki séð að samræming orlofsréttar leiði af samþykkt frumvarpsins. Þannig fjölgar orlofsdögum verkafólks um 4, eða úr 24 virkum dögum í 28, meðan orlofsdögum t. d. flugstjóra fjölgar um 7, eða úr 43 virkum dögum í 50.

Lög, sem færa einni stétt 4 daga, en annarri 7, verða tæpast talin leiða til jöfnunar. Fleiri dæmi af sama toga má nefna. Um orlofsrétt einstakra starfsstétta vísast til fylgiskjals II. Það er því einnig blekking, að stefnt sé að kjarajöfnun á þessu sviði.

### **Stystur vinnutími á Íslandi.**

Við umræðu hefur verið látið að því liggja, að almennt orlof launþega hér á landi sé skemmra en í nálægum löndum. Slíkar fullyrðingar eru mjög villandi. Eðlilega eru það virkar dagvinnustundir á ári, sem segja til um vinnu- og frítíma launþega.

Þannig kemur fram á fylgiskjali III, að virkar dagvinnustundir íslenskra launþega eru 1710,98 á ári. Á hinum Norðurlöndunum eru virkar dagvinnustundir hins vegar frá 1815 til 1849 eða 6.5%—7.3% fleiri.

Nái frumvörp um fjölgun orlofsfrídaga fram að ganga eykst munurinn enn og munu nágrannaþjóðirnar þá skila nær 10% meira vinnuframlagi, m. v. heilt ár, í dagvinnu, sbr. fylgiskjal IV.

### **Efnahagsaðgerð?**

Greiddar fríustundir á ári yrðu þá afflestar hér á landi, sbr. fskj. V. Hlyti slík aukning að teljast grátbrosleg með tilliti til aðsteðjandi efnahagsvanda, og það því fremur að frumvörp þessi eru þáttur í efnahagsaðgerðum stjórnvalda.

Samkvæmt gildandi lögum um orlof skal skylt að veita a. m. k. 21 orlofsdag, þ. e. 3½ viku, í einu lagi á orlofstímabilinu frá 2. maí til 15. september.

### **Stytt orlofstímabil.**

Í 2. grein frv. til laga um breytingu á lögum um orlof er gert ráð fyrir að allt orlofið skuli veitt í einu lagi á áðurgreindu tímabili.

### **Fyrir hvern?**

Engin rök eru færð fram fyrir breytingu þessari, og er Vinnuveitendasambandinu ekki kunnugt um að verkalýðsfélögin hafi sett fram kröfur hér að lútandi.

Verður því að ætla, að tillaga þessi sé fram komin sökum þekkingarskorts á atvinnuháttum hér á landi eða vilja og/eða getuleysi til að setja sér fyrir sjónir hinar afar mismunandi þarfir atvinnulífsins og þá erfiðleika, sem eru því samfara að veita orlof innan þeirra þröngu tímamarka sem nú eru, hvað þá heldur yrðu þessi mörk enn þrengd frá því sem nú er.

Vinnuveitendasambandið lítur svo á, að í tillögu þessari felist tilræði við þá atvinnustarfsemi, er byggir alla sína afkomu á skammvinnri sumarvertíð. Er hér fyrst og fremst um að ræða bygginga- og verktakastarfsemi, ferðamannaþjónustu og flugstarfsemi, sem og ýmsar greinar sjávarútvegs.

Þessar atvinnugreinar eru einkum af veðurfarslegum ástæðum algerlega háðar því, að starfsemin geti gengið snurðulaust yfir sumarmánuðina. Gildir þetta því fremur hér á landi en víðast annars staðar. Þrátt fyrir það hafa þessar atvinnugreinar verið bundnar við 21 dags orlof á háannatímanum. Skýtur hér næsta skökku við, þar sem Norðmenn og Danir miða í þessu efni við 3 vikur og frávik þar frá, ef rekstrarlegar ástæður krefjast, sbr. gildandi ákvæði norskra og danskra laga, fylgiskjal VI.

Verður með engu móti séð að launþegar hafi hag af breytingum, er tvímælalaust geta stefnt atvinnuöryggi í tvísýnu. Væri nær að breyta umræddum ákvæðum til samræmis við það, er gildir hjá nálægum þjóðum, — þ. e. þrjár vikur.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að vekja athygli á frumvarpi Vilmundar Gylfasonar o. fl. um breytingu á orlofslögunum sem í raun leiðir til 1½ mánaðar styttingar á orlofstökutímabilinu.

Næðu frumvörp þessi bæði fram að ganga, væri mjög vegið að grundvelli byggingariðnaðar, virkjanaf framkvæmda, ferðamannaþjónustu, og síðast en ekki síst flugstarfsemi, en jafnframt væri önnur atvinnustarfsemi gerð torveld mjög yfir sumartímann.

Vill VSÍ sérstaklega benda á, að þjálfað starfslíð er ekki tiltækt í mörgum atvinnugreinum og takmarkað, hvað yfirvinna annarra getur hér leyst úr vandanum.

Eitt af aðildarfyrirtækjum VSÍ, Flugleiðir hf., hefur gert könnun á því, hvaða áhrif frumvörp þessi hefðu á flugstarfsemi félagsins.

#### **Könnun Flugleiða, 15.5% kostnaðarauki.**

Niðurstöður könnunar þessarar eru í meginatriðum þær, að kostnaður einungis vegna fjölgunar flugmanna og flugvélstjóra, færslu milli starfa og véla, ásamt nauðsynlegri þjálfun og öðrum tengdum kostnaði, svari til 6 692 þús. kr. á næsta ári vegna fjölgunar frídaga. Ef sumarorlofsdögum fjölgað skv. 2. grein frumvarpsins ykist kostnaður enn mjög verulega og yrði 16 154 þús. kr. og svarar það til 15.5% af heildarlaunakostnaði þessara starfshópa. Næði frumvarp Vilmundar Gylfasonar o. fl. fram að ganga hefði það enn frekari kostnað í för með sér. Þar við bætist, að allsendis óvíst er, að unnt verði að fá og þjálfá nýja flugliða. Er hér við það miðað, að nýráðnir starfsmenn verði fastir starfsmenn félagsins allt árið. Stafar það af því, að mjög torvelt mun reynast að ráða og þjálfá sérþjálfaða starfsmenn til starfa í 3—4 mánuði í senn ár hvert. Starfsemi félagsins væri því stefnt í stórkostlega tvísýnu. Vísast hér um til greinargerðar Flugleiða hf., fylgiskjals VII.

Með vísan til þessa varar VSÍ mjög ákveðið við áformum um breytingar á reglum um orlofstöku og orlofstímabil.

Í ljósi alls framanritaðs ítrekar Vinnuveitendasambandið andstöðu sína við frumvörp um fjölgun orlofs- og frídaga og áréttar að orlofsmál eru viðfangsefni frjálsra samninga aðila vinnumarkaðarins.

Jafnframt því, að umsögn þessi er látin í té, vill VSÍ beina því til nefndarinnar, að það fái tækifæri til að koma munnlega á framfæri við nefndina frekari skýringum og rökstuðningi.

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Pálsson.

## Fylgiskjal IV.

### VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS

Vinnuveitendasambandi Íslands hefur borist breytingartillaga sú við fyrirleggjandi frumvarp til laga um breytingu á orlofslögum, er fylgdi bréfi yðar dags. 9. desember s.l.

Vinnuveitendasambandið fær enn ekki séð, að það ákvæði áður nefnds frumvarps, að laugardagar skuli ekki teljast til orlofsdaga, leiði til jöfnunar orlofsréttar. Samkvæmt frumvarpinu fjölga orlofsdögum verkafólks um 4, eða úr 24 virkum dögum í 28, meðan t. d. orlof flugstjóra lengist um 7 daga, eða úr 43 dögum í 50.

Í breytingartillögunni er gert ráð fyrir, að einungis 5 fyrstu laugardagarnir í orlofi teljist ekki til orlofsdaga.

Breyting þessi felur það í sér, að þeir, er nú njóta 4 vikna orlofs, fengju 4 daga orlofslengingu, en þeir, er hafa 5 vikna orlof eða lengra, mundu fá 5 daga orlofsauka. Breytingin leiðir því ekki til jöfnunar í orlofsrétti, en setur hins vegar hámark við ójöfnuðinum. Orlofsdögum verkafólks mundi skv. ákvæðinu þannig breyttu fjölga um 4, eða úr 24 í 28, en flugstjórar nytu skv. þessu 5 daga orlofsauka, og lengist því orlof þeirra úr 43 dögum í 48. Breytingartillagan er því til þess fallin að takmarka hámark misréttisins í þessu efni.

Vinnuveitendasambandið lítur því enn svo á, að frumvarp ríkisstjórnarinnar leiði ekki til jöfnunar orlofsréttar, heldur raunar þvert á móti. Breytingartillagan takmarkar að sönnu ójöfnuðinn, en tryggir hann eigi að síður.

Í 2. grein breytingartillögunnar er tekið inn heimildarákvæði til handa aðilum kjarasamninga, þess efnis, að heimilt sé að semja um frávik frá þeirri almennu kröfu frumvarpsins, að allt orlofið skuli tekið í einu lagi á sumarorlofstímanum. Þetta gildi þó einungis þar sem sérstakar rekstrarástæður gera það brýnt, s. s. í flugsamgöngum.

VÍ fagnar því, að þingnefndarmenn hafa séð, að fortakslaus krafa um að allt orlofið skuli veitt í einu lagi á sumarorlofstímanum getur ekki átt við í öllum atvinnugreinum. Hér er á hinn bóginn alls ekki um sérstakt vandamál flugrekstrarins eins að ræða. Sömu sjónarmið eiga við um þjónustugreinar af ýmsu tagi, sem og veiðar og vinnslu, en ekki síst verklegar framkvæmdir, einkum í byggingariðnaði. Vísast hér um til umsagnar sambandsins frá 19. nóvember s.l.

Þá skal og vakin athygli á því, að skv. 3. mgr. 4. greinar gildandi laga er heimilt að semja um aðra skipan orlofstöku en lögin gera ráð fyrir. Breytingartillagan gerir því einfalt mál flókið. Eðlilegast er að bregðast við áður nefndum vanda íslensks atvinnulífs með því að ákveða lágmark samfellds sumarorlofs, líkt og gert er í gildandi löggjöf. Er þá eðlilegt að miða við sömu reglu og gildir í nálægum löndum, þ. e. að samfelld sumarorlof skuli vera a. m. k. 3 vikur. Aðilum væri þá í sjálfsvald sett að semja um frávik þar frá, eftir því sem aðstæður leyfa í hverri atvinnugrein.

Í breytingartillögunni er gert ráð fyrir lögbundinni lengingu orlofs, sem tekið er utan sumarorlofstímans. Hér er um nýtt ákvæði að ræða, sem árum saman hefur verið fjallað um í samningum á almennum vinnumarkaði. Minnir sambandið á, að þeir samningar gilda um alla launamenn í viðkomandi starfsgrein, sbr. lög nr. 55/1980. Ákvæði þetta er því óþarft með öllu og til þess eins fallið að skerða enn frekar samningsfrelsi aðila vinnumarkaðarins.

Vinnuveitendasambandið áréttar enn andstöðu sína við einhliða íhlutun stjórnvalda í frjálsan samningsrétt aðila vinnumarkaðarins og mælir gegn samþykkt framkominna frumvarpa um lengingu orlofs og fjölgun frídaga.

Virðingarfyllst,

Þórarinn V. Þórarinsson.

## Fylgiskjal V.

### Orlofsákvæði kjarasamninga ýmissa starfsstétta.

**Byggingamenn** samningur nív. 81. Almennt: 24 dagar 8,33%.

**Bólstrarar og húsgagnsmiðir**, eftir 5 ár í iðngrein 27 dagar 9,33%.

**Trésmiðafélag Akraness** laugardagar reiknast ekki sem orlofsdagar.

**Byggingamenn**, samningur júní 82. Viðbót: Byggingamenn (allir) eftir 5 ára starf í iðninni + 3 dagar eða alls 27. Aukist orlofsréttur almennt > samsvarandi breyting hjá byggingamönnum.

**Mál- og skipasmíðir** Almennt: 24 dagar — 8,33%.

**Verkamenn** Almennt: 24 dagar — 8,33%.

**Verslunarmenn** Almennt: 24 dagar — 8,33%, eftir 10 ára starf hjá sama fyrirtæki 27 dagar — 9,47%.

**Iðju-verksmiðjufólk** Almennt: 24 dagar — 8 $\frac{1}{3}$ %, eftir 10 ára starf hjá sama fyrirtæki 25 dagar — 8,71%, eftir 15 ára starf hjá sama fyrirtæki — 27 (28) dagar — 9,47%.

**Starfsfólk í veitingahúsum** Almennt: 24 dagar — 8,33%, eftir 5 ár hjá sama vinnuveitanda 25 dagar — 8,66%, eftir 10 ár hjá sama vinnuveitanda 27 dagar — 9,33%.

**Starfsfólk í gestamóttöku** Almennt: 24 dagar — 8,33%, eftir 10 ára starf hjá sama fyrirtæki 27 dagar — 9,47%.

**Matreiðslumenn** Almennt: 24 dagar — 8 $\frac{1}{3}$ %, eftir 2 ár í iðninni 25 dagar — 8 $\frac{2}{3}$ %, eftir 3 ár í iðninni 27 dagar — 9 $\frac{1}{3}$ %, eftir 3 ár hjá sama vinnuveitanda 29 dagar — 10%.

**Framreiðslumenn** Almennt: 24 dagar 8 $\frac{1}{3}$ %, eftir 2 ár í iðninni 25 dagar — 8 $\frac{2}{3}$ %, eftir 3 ár í iðninni 27 dagar — 9 $\frac{1}{2}$ %, eftir 3 ár hjá sama vinnuveitanda 29 dagar — 10%.

**Kjötiðnaðarmenn** Almennt: 24 dagar — 8,33%.

**Mjólkurfræðingar** Almennt: 24 dagar — 8,33%, eftir 10 ár 26 dagar — 9%, eftir 20 ár 28 dagar — 9,6%.

**Bakarasveinar** Almennt: 24 dagar — 8,33%.

**Hárgreiðslusveinar** Almennt: 24 dagar — 8,33%.

**Prentarar** Eftir 1 ár í sömu prentsmiðju 25 dagar — 8,71%, eftir 12 ára starf í iðninni 28 dagar — 9,86%.

**Bókbindarar** Eftir 1 ár samfleytt í sama fyrirtæki 25 dagar, eftir 12 ár í iðninni 28 dagar.

**Blaðamenn** Almennt: 24 dagar — 8,33%, eftir 5 ár í starfi 27 dagar — 9,35%.

**Vélstjórar í frystihúsum og verksmiðjum** Almennt: 24 dagar — 8 $\frac{1}{3}$ %, eftir 15 ár hjá sama vinnuveitanda samfellt 27 dagar — 9 $\frac{1}{3}$ %.

**Verkstjórar** Almennt: 24 dagar — 8,33%, eftir 10 ára starf á almennum vinnumarkaði, þar af minnst 5 ár hjá sama vinnuveitanda 27 dagar — 9,47%.

**Skipstjórar** Almennt: 34 almanaksdagar — 10,64%.

**Stýrimenn** Almennt: 24 dagar — 8,33%, eftir 5 ára þjónustu hjá útgerðinni 27 dagar — 9,47%, eftir 10 ára þjónustu hjá útgerðinni 30 dagar — 10,64%.

**Vélstjórar** Almennt: 24 dagar — 8,33%, eftir 5 ára þjónustu hjá útgerðinni 27 dagar — 9,47%, eftir 10 ára þjónustu hjá útgerðinni 30 dagar — 10,64%.

**Loftskeytamenn** Almennt: 24 dagar — 8,33%, eftir 5 ára þjónustu hjá útgerðinni 27 dagar — 9,47%, eftir 10 ára þjónustu hjá útgerðinni 30 dagar — 10,64%.

**Brytar** Almennt: 24 dagar — 8,33%, eftir 5 ára þjónustu hjá útgerðinni 27 dagar — 9,47%, eftir 10 ára þjónustu hjá útgerðinni 30 dagar — 10,64%.

**Matreiðslumenn á farskipum** Almennt: 24 dagar — 8,33%, eftir 2 ára starfsaldur 25 dagar — 8,66%, eftir 3 ára starfsaldur 27 dagar — 9,47%.

**Hásetar** Almennt: — 8,33%, eftir 5 ár — 8,71%, eftir 8 ár — 9,47%.

**Þernur** Almennt: 24 dagar — 8,33%.



**Flugfreyjur** Almennt: 36 dagar — þar af 16 á sumri, eftir 10 ár 37 dagar — þar af 17 á sumri, eftir 15 ár 40 dagar — þar af 18 á sumri, eftir 20 ár 43 dagar — þar af 20 á sumri.

**Flugmenn** Almennt: 36 dagar — þar af 16 á sumri, eftir 10 ár 37 dagar — þar af 17 á sumri, eftir 20 ár 43 dagar — þar af 20 á sumri.

**Flugvélstjórar** Almennt: 36 dagar — þar af 16 á sumri, eftir 10 ár 37 dagar — þar af 17 á sumri, eftir 20 ár 43 dagar — þar af 20 á sumri.

**Flugumsjónarmenn** Almennt: 24 dagar —  $8\frac{1}{3}\%$ , eftir 10 ára starf 27 dagar —  $9\frac{1}{3}\%$ .

**Flugvirkjar** Almennt: 24 dagar —  $8\frac{1}{3}\%$ , eftir 10 ára starf hjá sama atvinnurekanda 27 dagar —  $9\frac{1}{3}\%$ , eftir 15 ára starf hjá sama atvinnurekanda 30 dagar —  $10\%$ .

## Fylgiskjal VI.

### FLUGLEIÐIR

Reykjavík, 19. nóvember 1982.

Vinnuveitendasamband Íslands,  
Gardastræti 41,  
Reykjavík.

Fyrir neðri deild Alþingis liggur nú stjórnarfrumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 87-1971 um orlof. Í því felast eftirfarandi breytingar (þskj. 56):

1. Laugardagar og sunnudagar teljast ekki með við útreikning orlofsdaga.
2. Orlof skal veitt í einu lagi á orlofstímabilinu (2/5 til 15/9).

Enn fremur þingmannafrumvarp (þskj. 57) um styttingu orlofstímabils um einn og hálfan mánuð.

Samkvæmt stjórnarfrumvarpi þessu hagnast þeir mest, sem í dag hafa lengst orlof, og langt umfram hinn almenna launþega.

Dæmi:

Þeir, sem í dag hafa 24 daga orlof fá +4 viðbótardaga  
27 daga orlof fá +4 viðbótardaga  
30 daga orlof fá +5 viðbótardaga  
36 daga orlof fá +6 viðbótardaga  
40 daga orlof fá +6 viðbótardaga  
43 daga orlof fá +7 viðbótardaga

Fylgiskjal sýnir væntanlega aukningu orlofs flugmanna og flugvélastjóra.

Verði nú lögbundin hér á landi ákvæði, er hafa í för með sér lengingu orlofs, og jafnframt skyldu um veitingu þess á tiltölulega stuttu tímabili ársins, mundi slíkt óhjákvæmlega hafa í för með sér að íslensk flugfélög yrðu enn verr í stakk búin til að mæta samkeppni frá erlendum félögum. Á það bæði við um áætlunarflug og leiguflug til og frá landinu og á erlendum mörkuðum. Rétt er að vekja sérstaka athygli á því, hversu ferðaþjónusta hér á landi og þar með talin almenn starfsemi flugfélaga er árstíðabundin. Það eru 3—4 sumarmánuðir sem hafa allt að segja og á þeim tíma verður að vera unnt að nýta þekkingu sértæknimenntaðs starfsfólks. Á öðrum mánuðum er mun minna um að vera. Félagið hefur miðað sínar áætlanir og flugflota við þetta og hefur almennt ekki fækkað flugliðum yfir vetrarmánuðina, þótt slíkt væri unnt.

**Stjórnarfrumvarp þskj. 56.**

Verði þetta frumvarp að lögum, þá verður viðbótarkostnaður félagsins vegna orlofs-  
lengingar 164 flugmanna og flugvélstjóra félagsins þessi: kr. 16 154 000 á 1. ári sem er  
15.5% hækkun.

Flugmenn fá 42 daga orlof á ári.

Flugstjórar fá 50 daga orlof á ári.

Ráða þyrfti 19 aukaflugliða.

**Þingmannafrumvarp þskj. 57.**

Viðbótarkostnaður á fyrsta ári kr. 51 032 000.

Kostnaðarhækkun 49%.

Ráða þyrfti 60 aukaflugliða.

**Afleiðingar.**

Afleiðingin verður sú, að félagið yrði að fækka ferðum um háannatímamann. Það hefði  
jafnframt í för með sér fækkun ráðninga annarra starfsmanna, þ. á m. meðlima Flugfreyju-  
félags Íslands, V.R., V.S., Dagsbrúnar, Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, Verka-  
kvennafélags o. fl.

Samkeppnismöguleikar minnka og atvinnutækifæri sömuleiðis.

Athugasemdir:

Ítrekað skal að hér er einungis um að ræða kostnað vegna orlofsaukningar 164  
starfsmanna, sem hafa sérstöðu vegna sérþjálfunar. Eðlilega hefur orlofsaukning kostnaðar-  
aukandi áhrif vegna hinna u. þ. b. 900 fastráðinna starfsmanna félagsins, en á engan hátt í  
jafnríku mæli.

Orlof er sjálfsgöð mannréttindi. Ekkert er við aukningu orlofsdaga að segja ef fyrir því  
er almennur vilji í þjóðfélaginu, og þjóðfélagið þolir slíkt. En það verður að vera gert af  
skynsemi og taka verður tillit til sérstöðu þeirra atvinnugreina, sem byggja afkomu sína á  
örfáum mánuðum.

Flugleiðir hf. sjá ekki forsendur fyrir aukningu orlofs á tímum minnkandi þjóðartekna,  
heimskreppu, síharðnandi samkeppni í flugi og almennra erfiðleika í ferðamannaþjónustu.  
Orlofsaukning þessi mun því leiða af sér minnkandi samkeppnishæfni og minnkandi  
atvinnumöguleika.

Ef ekki á að leggja innlenda flug- og ferðamannaþjónustu í rúst með vanhugsuðum  
aðgerðum verður að gera breytingar á umræddu lagafrumvarpi.

Félagið treystir því, að V.S.Í. komi þessum sjónarmiðum á framfæri og vinni að minnsta  
kosti að því:

1. að heimilt verði að skipta orlofi og taka hluta þess utan orlofstímabilsins, slíkt verði  
fastbundið í lögum,
2. að einungis 4 laugardagar teljist sem viðbótarorlof og heimilt sé að veita þá utan  
orlofstímabilsins.

Virðingarfyllt,  
f. h. FLUGLEIÐA HF.  
**Grétar Br. Kristjánsson.**

**Fylgiskjal.**

**Orlof flugmanna/flugvélstjóra.**

Samkvæmt gildandi samningum FÍA/FVFÍ		Viðbótardagar er laugardagar reiknast ekki
Fyrstu 10 árin	16 dagar virkir 2/5—30/9 20 dagar virkir 1/10—30/4	
Samtals	36 virkir dagar	+ 6 = 42
Eftir 10 ár	17 dagar virkir 2/5—30/9 20 dagar virkir 1/10—30/4	
Samtals	37 virkir dagar	+ 6 = 43
Eftir 20 ár	20 dagar virkir 2/5—30/9 23 dagar virkir 1/10—30/4	
Samtals	43 virkir dagar	+ 7 = 50

**Niðurstaðan verður sú, að þeir, sem hafa meira en lágmarksorlof, fá mestu aukningu orlofsdaga.**

Reykjavík, 19. nóvember 1982.